

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febrúar 1947, ásamt síðari breytingum á henni.

163
27. sept.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. september 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

164
7. okt.

um barnavernd í Húsavík.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Húsavíkur er bannað að selja börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau neyti þess.

2. gr.

Bannað er að selja börnum spýtubrjóstsykur og aðrar þær sælgætisvörur, sem að dómi héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt óhollar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar, kvikmyndasýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum á barnaskólaaldri er bannað að vera á almannafæri eftir klukkan 21, og unglíngum innan 16 ára eftir klukkan 22, á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl, nema í fylgd með aðstandendum eða af atvinnuástæðum.

Foreldrum eða aðstandendum barnanna her að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og skal farið með mál þeirra vegna eins og fyrir segir í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 7. október 1949.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.